



MYNL2VL05

Kennsluáætlun – vorönn 2022

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustuaragnars@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum munu nemendur vinna hina hliðina á hinum þekktu veggjalistarvegg við FSU, vísar sú hlið að íþóttavelli og hefur ekki verið unnið þar áður. Þemað er íþróttir og þemalitur verður hinn vínráuði litur UMF Selfoss. Verkefnið krefst góðs undirbúnings í formi hugmyndavinnu og skissugerðar og að geta nýtt sé leikni í hlutföllum og rúðustækkunum. Notast er við málningu en ekki sprey. Hver nemandi vinnur sitt verk sem einstaklingsverkefni en svo fléttast verkin saman að ákveðnu leiti í lokin.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- muninum á veggjakroti og veggjalist.
- mikilvægi á góðri undirbúningsvinnu.
- mikilvægi þess að fá samþykki frá viðeigandi aðila fyrir verkum sem þessum.
- mikilvægi listar í umhverfinu.
- að verkið krefst skipulagningar, öll efni og áhöld þurfa að vera til staðar á vinnusvæðinu
- að þegar unnið er að verki utanhúss sé vinnan er háð veðri og allt eins líklegt að hún fari fram utan skólatíma
- að verk sem þetta eru komin til að vera og fyrir allra augum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umræðu varðandi þema og komast að sameiginlegri niðurstöðu í uppsetningu verks.
- undirbúningsvinnubrögðum fyrir verk af þessari stærðargráðu með skissu- og hugmyndavinnu.
- mikilvægi þess að skissan sé vel unnin svo eftirleikurinn verði viðráðanlegri.
- að búa til skapalón sem og nýta sér rúðustækkun.
- að undirbúa lokavinnuna innandyra og utan með tilliti til efnis og áhalds
- að mála endanlegt verk á viðkomandi vegg í viðunandi lokaútkomu

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- gera sér grein fyrir því að það krefst vinnu og samtalsferlis að útvega sér vegg að vinna á.
- vinna veggjalist í góðu samstarfi við alla sem að verkinu koma
- vinna allt frá hugmyndavinnu og að endanlegu verki.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ljúka verkinu innan áætlaðs tíma.
- Að geta myndskreytt stóra fleti frá grunni án tækni á bort við t.d. skjávarpa

Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa litlar möppur strax í byrjun annar fyrir skissur sínar.
- Áfanginn er leiðsagnarmatsáfangi. Námsmat byggist upp á mati kennara þar sem horft er til frumkvæðis, sköpunargleði, verklags, persónulegra vinnubragða, vandvirkni, frágangs, ígrundunar og rökstuðnings á endanlegri niðurstöðu. Áfanginn næstt ekki nema með loknu fullnægjandi verki úti á vegg.
- Fullunninni skissu í lit af tilvonandi verki skal lokið í síðast lagi 14. Febrúar ásamt rúðustækkunargriddi.
- Hugmynda- og skissuvinna er um þriðjungur áfangans - annað er tími sem er ætlaður á vegginn sjálfan. Tekin er pása í áfanganum eftir miðjan febrúar og fram í apríl. Þá er veggurinn tekinn í áhlaupi þegar veður batnar og VERÐA nemendur að vera tilbúnir að taka einhverja seinni parta eða helgar þegar veður er hagstætt. Kennari getur ekki gert áætlun um það eðli málsins samkvæmt.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 8500 kr.

Annað

- Þegar farið er að vinna í málningarvinnunni er mikilvægt að vera í fötum sem henta þannig vinnu. Einnig að huga að því að það er kalt að vinna svona úti. Klæða sig vel!
- Tölvur og símar leyfir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.